



GUÐBERGUR SEGIR FRÁ Guðbergur Bergsson lóðsar gesti um sýninguna Ásýnd landsins: Vatnið, jörðin, hafið og himinninn á Gerðarsafni í Kópavogi klukkan 15 á sunnudag. Á sýningunni eru málverk, vatnslitamyndir, teikningar og ljósmyndaverk eftir Daða Guðbjörnsson, Gunnlaug Scheving, Jóhannes S. Kjarval, Rúrí og Vilhjálm Þorberg Bergsson.

Íslenskir rithöfundar styðja Mariu Amelie

Norskir fjölmiðlar hafa birt opið bréf undirritað af 61 íslenskum rithöfundum til stuðnings starfsystur þeirra Mariu Amelie.

Amelie, sem heitir réttu nafni Madina Salamova, er flóttamaður frá Rússlandi og var á dögnum vísað úr landi í Noregi.

Í bréfinu fordæma rithöfundarnir aðgerðir norsku Útlendingastofnunarinnar og norsku ríkisstjórnarinnar og krefjast þess að Amelie verði veitt dvalarleyfi í Noregi.

„Ef yfirvöld og málsvarar þeirra bera fyrir sig að hér sé farið að lögum segjum við: Ef lagabálkurinn sem farið er eftir er jafn ómannúðlegur og raun ber vitni á að breyta honum en ekki fylgja.“

Segir í bréfinu að ef Amelie hefði ekki tjáð sig opinberlega um afleiðingar kerfisins hefði hún verið látin í friði. „Skömm sé þeim sem hafa það í valdi sínu að hindra þessa siðlausu framkvæmd en hafast ekki að.“

Í hópi þeirra sem skrifa undir bréfið eru Andri Snær Magnason, Auður Jónsdóttir, Ármann Jakobsson, Eiríkur Örn Norðdahl, Eiríkur Guðmundsson, Guðrún Eva Mínervudóttir, Hallgrímur Helgason, Haukur Már Helgason, Huguhrón Kristjánsson, Kristín Eiríksdóttir, Kristín



VÍSAÐ BURT María Amelie vísað um borð í farþegaflugvél sem flutti hana til Rússlands á dögnum.

Steinsdóttir, Kristín Svava Tómasdóttir, Pétur Gunnarsson, Sigurður Pálsson, Steinar Bragi, Þórarinn Eldjárn, Þórdís Gísladóttir, Þórunn Erlu-Valdimarsdóttir og Ævar Örn Jóseppson.

Málþing um Kamban

Leikfélag Reykjavíkur efnir til málþings um Guðmund Kamban leikskáld (1880-1945) í Borgarleikhúsinu í dag. Dagskráin hefst á Nýja sviðinu klukkan 11 með leiklestri á atriðum úr Óræfastjörnum. Að því loknu verða sýnd brot úr kvikmyndunum Hadda Padda og Hús í svefni og einnig upptökum Sjónvarpsins á Skálholti og Vör morðingjar.

Að loknum leiklestri og myndasýningum hefst málþing um leikskáldið og erindi hans við nútímann. Þar flytja erindi Sveinn Einarsson, fyrrverandi þjóðleikhússtjóri, Hlín Agnarsdóttir, rithöfundur og leikstjóri, og Friðgeir Einarsson leikhúsmáður.

Að lokum verða pallborðsumræður þar sem Þórunn Sigurðardóttir og Magnús Þór Þorbergsson leggja orð í belg. Stjórnandi pallborðsins er Karl Blöndal.

TJARNARBIÓ

LÍÓLEIKUR OG SÖNGDANS 28

Sveinn Skotti

AUKASÝNING 29. JAN! 29/30

Súldarsker

Nýtt leikverk eftir Söllu Guðmundsdóttur

Út í kött Barnaleikhús

NÆSTA VÍKA: 3. FEB

Uppistand í Tjörninni

KAFFIHÚSIÐ MAJÓNES OPID ALLA DAGA VIKUNNAR

Miðasalan er opin virka daga frá kl. 13-15 Sími: 527 2100 www.tjarnarbio.is



Ljósmyndir úr Alþingishúsinu

Skrifstofa Alþingis leitar eftir ljósmyndum sem teknar voru í Alþingishúsinu, einkum fyrir árið 1960. Skrifstofan leitar að myndum bæði úr þingsal sem og úr öðrum herbergjum hússins. Háskóli Íslands hafði aðsetur í húsinu frá 1911 til 1940 og væri mikill fengur í myndum frá þeim tíma. Þeir sem kynnu að hafa myndir úr Alþingishúsinu undir höndum og væru tilbúnir til að leyfa skrifstofu þingsins að skanna þær eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband við ritstjóri@althingi.is eða í síma 5630500.

Skrifstofa Alþingis

Margbrotið og heillandi ferðalag

Myndlist ★★★★★

Án áfangastaðar

Samsýning í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi. Höfundar: Markús Þór Andrússon og Gunnþóra Ólafsdóttir

Höfundar Án áfangastaðar eru tveir, þau Markús Þór Andrússon sýningarstjóri og Gunnþóra Ólafsdóttir landfræðingur. Þáttur Gunnþóru Ólafsdóttur landfræðings vekur athygli á mikilvægi og frjósemi þverfaglegs samstarfs.

Sýningin er víðfeðm. Í raun er um þrjár sýningar að ræða. Listaverk eftir íslenska og erlenda listamenn má sjá á báðum hæðum safnsins, en inni á milli þeirra, á gangi og í opnum rýmum er sýning í sýningunni, plakátverk eftir hóp sem nefnir sig því innilega þýska nafni Institut für Raumexperimente. Þriðja sýningin er kvikmynda- og myndbandssýning í sal á efri hæð, þar sem sýndar eru bæði stuttmyndir og myndir í fullri lengd, meðal annars er Hringurinn eftir Friðrik Þór sýnd alla daga klukkan tíu. Fjórir hluti verkefnisins er ráðstefna um náttúrutengda ferðapjónustu fyrstu helgina í febrúar. Það er frétt næmt að þar verður Lucy R. Lippard meðal frummælenda en hún er heimsþekkt fyrir skrif sín um myndlist.

Sýning Markúsar og Gunnþóru er vandlega hugsuð frá upphafi til enda, listaverk út af fyrir sig. Viðfangið er vítt og breitt og það endurspeglast í verkunum. Ferðalög, ferðalöngun, saga ferðalaga, túrismi og landslag, auk ótal spurninga um stað, staðsetningu, einkenni lands, náttúruupplifun og fleira. Verk listamanna eru valin með tilliti til umfjöllunarefnis og eru blanda af þegar tilbúnum verkum og listaverkum unnin fyrir stað og stund. Vinnubrögð af þessum toga hafa löngum legið undir ámæli, sýningarstjórar verði sakaðir um að setja list í nýtt samhengi eftir eigin hentugleikum og virða að vettugi markmið listamanna. Slík gagnrýni tilheyrir þó mestmegnis liðinni tíð sem betur fer og sýningarstjórastarfið er loks að vinna sér sess hérlendis, áratugum á eftir sambærilegri þróun á alþjóðavettvangi. Ekki má gleyma því að sýningarstjórar hafa í starfi sínu á stundum valdið straumhvörfum í myndlist og í víðara samhengi.

Án áfanga er margsaga, birtir enga endanlega mynd, gerir ekki tæmandi úttekt, hefur enga eina skoðun. Hér fá listaverkin að eiga síðasta orðið, milli þeirra, áhorfenda og sýningarstjóra skapast frjótt og lifandi samtal án orða, eins og myndlistinni einni er lagið.

Ekki er hægt að segja að eitt-hvað eitt standi upp úr, hér eru mörg flott verk. Þó má nefna Lesbókarröð Roni Horn og ótrúlega

heillandi og margræðar ljósmyndir af Jökulsárlóni eftir Walter Niedermayr. Verk Kristins E. Hrafnssonar er sláandi og eftirminnilegt, hittir einhvern veginn beint inn í samtímann. Sömu leiðis rýmisskúlptúr Ingu Þóreyjar Jóhannsdóttur og veggverk Haraldar Jónssonar, Göng. Og þannig mætti áfram telja.

Auðvitað hefði mátt velja önnur verk, aðra listamenn. Sú spurning vaknar t.d. hvort eðlilegt hefði verið að sýna fleiri listaverk sem fela í sér ádeilu á stóriðju og eða baráttu fyrir ósnortinni náttúru, vegna þess hversu áberandi þemað er í samtímanum. Óbein ádeila getur þó allt eins verið áleitnari og lifað lengur. Kynjahlutfallið er konum óþarflega óhagstætt og vekur upp spurningar, lauslega talið átta konur og sextán karlmenn, að tilraunahópnum slepptum.

Það telst kostur sýningarinnar að sýna höfsemi og stillingu í vali listaverka, finna þeim öllum góðan samastað í safninu og skapa jafnframt frjótt andrúmsloft sem leiðir áhorfandann inn á við sem út í heim.

Ragna Sigurðardóttir

Niðurstaða: Markús Þór Andrússon og Gunnþóra Ólafsdóttir, auk fjölda annarra listamanna, eiga heiður skilinn fyrir úthugsaða og frjóva sýningu. Áhorfendur halda í sitt eigið ferðalag þar sem þeir kynna sér úrvalsverk fjölmargra listamanna og sjá landið okkar og hugmyndir um ferðalög í nýju ljósi.

Ljós í myrkri

Tónlist ★★★★★

Opnunartónleikar Myrkra músíkdaga

Verk eftir Ligeti, Steingrím Rohloff, Finn Torfa Stefánsson og Daníel Bjarnason



DANÍEL BJARNASON

sem voru staðsettir á hárréttum augnablikum.

Daníel Bjarnason stjórnaði hljómsveitinni og gerði það með glæsibrag. Ligeti var svo vel mótaður að maður gersamlega gleymdi sér. Fíngerður hljólmavefurinn var áferðarfarur og seiðandi framvinda snilldarlega útfærð.

Hin verkin á dagskránni lofuðu góðu. Fyrstur var klarinettukonsert eftir Steingrím Rohloff. Rúnar Óskarsson lék einkar vel á klarinettuna, kryddaði leik sinn fallegum blæbrigðum sem drógu fram dýpri merkingu tónlistarinnar. Konsertin var þó ekki sérlega auðveldur áheyrnar, hann var býsna langur og tónmálið óaðgengilegt. Engu að síður var byggingin á verkinu glæsileg, atburðarásin flott og hljómaáferðin þrýðilega ígrunduð. Greinilegt er að Steingrímur kann að skrifa fyrir hljómsveit.

Konsert 04 eftir Finn Torfa Stefánsson var næstur á dagskrá. Konsertin er í tveimur köflum en hér var aðeins fluttur annar þeirra. Það verður að teljast undarlegt. Sigrún Eðvaldsdóttir fiðuleikari var sólisti og spilaði af innlifun. Tónlistin var róleg og einmanalegur fiðuleikurinn myndaði sannfærandi mótvægi við fremur þetta hljómsveitarröðdina. Útkoman var ekki sérlega rismikil, en hún var samt áheyrileg og rann ljúflega niður. Gaman væri að heyrja báða kafla konsertsins!

Síðasta tónsmíðin á tónleikunum, Birting, var eftir stjórnandann, Daníel. Það var áhrifamikil tónlist. Hægferðug framvinda kom stöðugt á óvart, alls konar spennandi hljóðfærasamsetningar og áleitnar tónahendingar sköpuðu dáleidandi andrúmsloft sem var ótrúlega mergjað. Hljómsveitarhljómurinn var vel mótaður og greinileg nostrað við hvert smáatriði. Til dæmis var gaman að heyrja spilað bæði á flygil og píanó, en hljómurinn úr þessum tveimur hljóðfærum gefur mismunandi áferð. Margt fleira væri hægt að tunda sem hér er ekki pláss fyrir. En í það heila var tignarleiki yfir tónlistinni, hugsun og innseti sem maður verður ekki oft var við.

Óhætt er að fullyrða að Daníel er eitt af okkar frambærilegustu tónskáldum.

Jónas Sen

Niðurstaða: Glæsilegir tónleikar, góður flutningur og flott tónverk.